

118. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 15. júní 2009, kl. 17: 00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru. Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Sigurborg Sturludóttir, Guðmundur Kristinsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Laufásvegur 3, deiliskipulagsbreyting.
Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vegna viðbyggingar við Laufásveg nr. 3, dags.09.06.'09.
Nefndin telur ekki þörf á breytingu á deiliskipulagi þar sem viðbygging er innan byggingarreits. Leita skal umsagnar Húsafriðunarnefndar Ríkisins vegna aldur hússins.
2. Lágholt 23. Viðbygging.
Hafðís Bjarnadóttir Lágholti 23 sækir um að stækka bílskúr á jarðhæð hússins að sunnanverðu og hafa svalir ofan á viðbyggingu samkvæmt teikningum frá EK dags. sept. 2008. Stærðir 28,3 m², 73,9 m³. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigenda Lágholts nr. 25. Engar athugasemdir bárust.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.
3. Sundabakki 8, bílastæði.
Pétur Kristinsson Sundabakka 8, sækir um að útbúa bílastæði á lóðarmörkum við Sundabakka 6 og nr. 8, sbr. bréf dags 4.06.'09.
Nefndin tekur jákvætt í erindið.
4. Hesthúsabyggð. Drög að reglum um umgengni í hesthúsabyggð við Fákaborg.
Lagðar fram að nýju athugasemdir Hesteigendafélagsins á tillögu um reglugerð um hesthús og hesthúsahverfi í Stykkishólmi.
Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á drögum að reglum um hesthús og hesthúsabyggð í Stykkishólmi frá 2007.
 - a) (2. gr.) Heyrúllur og heybagga má aðeins geyma á einu afmörkuðu svæði vestan hesthúsabyggðar og að hestaflutningakerrur verði geymdar á við bílastæði.
 - b) (4. og 5. gr.) Í staðinn fyrir taðpró, kæmu færanlegir taðgámar sem væru keyrðir burtu og losaðir reglulega.
5. Endurskoðun á umferðahraða í landi Stykkishólmsbæjar.
Stykkishólmsbær leggur fram tillögur af breytingu á umferðahraða sem gerð var í samvinnu við Vegagerðina, sbr. tillögu dags. 10.'06.'09.
Nefndin mælir með tillögunni en leggur jafnframt áherslu á að tryggja öryggi gangandi vegfaranda í grennd við leikskólann.
6. Önnur mál.

BV